


Umhverfisstofnun Evrópu



hver við erum | hvað við gerum | hvernig við förum að því



Hlutverk og markmið

Umhverfisstofnun Evrópu, EEA, leitast við að efla sjálfbæra þróun og stuðla að marktækum framförum í umhverfismálum Evrópu. Í því skyni stundar stofnunin tímanlega, markvissa, viðeigandi og trausta upplýsingamiðlun jafnt fyrir stefnumótendur sem og allan almenning.

Okkar helstu markmið er að vera helsta uppspretta þekkingar á umhverfismálefnum innan Evrópu, að gegna leiðandi hlutverki í að efla langtíma umskipti yfir í sjálfbært þjóðfélag, og að vera leiðandi stofnun á sviði þekkingarmiðlunar og uppbyggingar á burðargetu.

Meðlimir

Aðild að EEA eiga aðildarríki ESB. Aðild stendur einnig öðrum þeim löndum til boða sem láta sig málefni Evrópusambandsins og aðildarríkja þess varða að því er tekur til markmiða stofnunarinnar. Núverandi 33 aðildarríki eru 28 aðildarríki ESB auk Íslands, Liechtenstein, Noregs, Sviss og Tyrklands. Albanía, Bosnía og Hersegóvína, fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedónía, Svartfjallaland og Serbía hafa sótt sameiginlega um aðild og hafa starfað með EEA í allmörg ár. EEA á einnig í samstarfi

við Kósóvó*, en Grænland er með stöðu áheyrnarfulltrúa á nokkrum sviðum.

Notendur þjónustunnar og markhópar

Helstu hagsmunaaðilar sem tengjast EEA eru Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Evrópuþingið, ráð Evrópusambandsins – þar sem aðaláherslan er á að sinna þörfum þeirra sem fara með formennsku ESB á hverjum tíma, svo og þörfum aðildarríkja EEA.

Til viðbótar við þessa helstu stefnumótendur á vettvangi Evrópu og innan einstakra landa, vinnur EEA einnig með öðrum stofnunum ESB. Við eigum einnig virk samskipti við breiðari hagsmunahópa á sviði stefnumála, eins og frjáls félagasamtök, vísinda- og háskólasamfélög, samtök atvinnuveganna, ráðgjafaraðila og hugveitur.

Hinn almenni borgari er einnig mikilvægur notandi upplýsingaþjónustu EEA. Þetta er í samræmi við núgildandi löggjöf ESB varðandi aðgang að umhverfisupplýsingum og viðleitni EEA til að efla framkvæmd stefnumála og öðlast víðari skilning á málefnum umhverfis og breytinga á loftslagi. Stefnumál eru byggð á grunni víðtækrar umræðu innan þjóðfélagsins, og viðurkenning á umhverfisstefnu hvílir á víðtæku samþykki meðal almennings.

EEA miðar að því að tryggja gagnkvæm samskipti við aðila sem nýta sér þjónustu stofnunarinnar, bæði til að meta upplýsingaþörfina réttilega og til að ganga úr skugga um að þessir aðilar skilji upplýsingarnar og geti nýtt sér þær.



Útgáfa

EEA sendir frá sér matsgerðir og upplýsingar í ýmsu formi, bæði sem skýrslur, stutt yfirlit, greinar, fjölmiðlunarefni og að auki efni og þjónustu á netinu. Þar er fjallað um ástand umhverfismála, hvert stefnir og álag, efnahagslega og samfélagslega drifkrafta, gagnsemi og virkni stefnumótunar, og aðgerðir til að sjá fyrir þróun, horfur og vandamál framtíðarinnar

á hinum ýmsu sviðum með því að beita sviðsmyndum og fleiri aðferðum.

Sumar skýrslur sem miðast við breiðari lesendahóp svo og samantektir stórra skýrslna og ýmiss konar greinar og fréttatilkynningar eru oft þýddar á opinber tungumál aðildarríkja EEA.

Vefsvæði EEA á netinu

eea.europa.eu er ein yfirgrípsmesta almenna upplýsingaþjónusta um umhverfismál sem til er á netinu, og jafnframt sú upplýsingaveita EEA sem mest umferð er um. EEA leitast við að skipta frá pappírsgögnum yfir í vefútgáfustarfsemi í því skyni að laga sig að því formi sem aukinn fjöldi notenda kýs, til að bæta tímanleika birtinga og auka kostnaðarhagkvæmni, og til að minnka eigin umhverfisfótspor.

Heildartexta allra skýrslna, samantekta og greina er að finna á vefsvæðinu og niðurhleðslan kostar ekki neitt. Einnig er mikið af gögnum og upplýsingum á vefnum sem styðja við skýrslurnar. Það færist stöðugt í vöxt að samfélagsmiðlar og fjölmiðlunarefni sé notað til að auðvelda samskipti og til að koma efninu til fleiri viðtakenda.

Á málþingi EEA á netinu veitum við svör við utanaðkomandi beiðnum um upplýsingar. Almennungi er einnig heimilt að leggja fram fyrirspurnir gegnum síma eða með því að heimsækja okkur.

Skipulag

Evrópubandalagið setti reglugerð um stofnun EEA og Evrópskt upplýsinga- og eftirlitsnet í umhverfismálum (Eionet) árið 1990, og starfsemi EEA hófst fyrir alvöru árið 1994.

Starfsfólk EEA kemur frá 33 aðildarríkjum og flest starfar það í aðalstöðvunum í Kaupmannahöfn.

Tengslamyndun

Til að ná markmiðum okkar skiptir höfuðmáli það starf sem starfsmenn EEA sinna til að miðla upplýsingum um staðreyndir og niðurstöður milliliðalaust, í stöðugri samvinnu við Eionet og aðra lykil hagsmunaaðila; með samræðum við tengiliði, þátttöku í fundum sérfræðinga, með því að tala á málstofum og ráðstefnum, o.s.frv. Þrátt fyrir útgáfustarfsemi okkar á prentuðu efni og stöðugan vöxt í magni nettengdra samskipta þá er ennþá ekkert sem getur komið í stað beinna persónulegra samskipta milli upplýsingaveitenda og notenda.

Að panta ritefni frá EEA

Þú getur skráð þig í áskriftarþjónustuna og þannig fengið sent fréttabréfið okkar reglulega og einnig rafræna útgáfu eða pappírsgáfufu af skýrslum okkar og annað gjaldfrjálst efni.

Þú getur einnig fylgst með okkur á Facebook og Twitter, eða gerst áskrifandi að RSS veitu eða tilkynningarþjónustu EEA til að fá vefpóst í hvert sinn sem nýtt efni er sett á vefsvæðið.

Prentað efni frá EEA er hægt að panta, flest af því gjaldfrjálst, hjá bóksölu Útgáfustofu ESB (EU Publications Office) á netinu (<http://bookshop.europa.eu>). Sem þáttur í umbreytingu okkar frá pappír yfir í vefútgáfu þá eru sumir vöruflokkar hjá okkur eingöngu fáanlegir í rafrænu formi. Til að skoða uppfært yfirlit yfir fáanlegar útgáfur farðu vinsamlega í Útgáfu-hlutann á vefsvæði okkar.

EEA hefur komið á fót og rekur sex Evrópskar verkefnamiðstöðvar (European Topic Centres – ETCs) sem ná yfir öll helstu umhverfis- og rekstrarsvið verkáætlunar EEA. Evrópsku verkefnamiðstöðvarnar eru tengsla- og dreifingarnet, sem samanstendur af u.þ.b. níutíu sérhæfðum stofnunum sem eru dreifðar um aðildarríki EEA.

EEA óskar eftir því að leggja sitt að mörkum til að metnaðarmál Evrópu náist sem miðar að því að ná fram umbreytingu yfir í lág-kolefna, auðlindahagkvæmt og vistkerfisöflugt þjóðfélag árið 2050. Langvinn umhverfissvandamál eru samofin og kjarni þeirra byggist á félagshagfræðilegum kerfum sem útvega okkur kröfur nútíma samfélags eins og fæði, orka og samgöngur. Grundvallarbreytingar á slíkum samfélagskerfum sem liggja til grundvallar eru nauðsynleg ef okkur á að takast að fylgja trúverðugri braut í átt að markmiðunum fyrir 2050.

Dr. Hans Bruyninckx
Forstjóri

Stjórnarhættir


Stjórn EEA er skipuð einum fulltrúa frá hverju hinna 33 aðildarríkja, tveimur fulltrúum frá stjórnarsviði umhverfismála og stjórnarsviði rannsóknna hjá framkvæmdastjórninni og tveimur sérfræðingum á sviði vísinda sem tilnefndir eru af Evrópuþinginu. Meðal verkefna stjórnar er að samþykkja verkáætlanir EEA, skipa framkvæmdastjóra og tilnefna meðlimi vísindanefndar.

Vísindanefnd EEA er skipuð að hámarki 20 vísindamönnum sem fjalla um umhverfismálefni. Nefndin er ráðgjafaraðili fyrir stjórnarráðið og framkvæmdastjórnarinnar á sviði vísindamála. Formaður vísindanefndar er áheyrnarfulltrúi í stjórninni.

Forstjórinn ber ábyrgð gagnvart stjórninni um framkvæmd á verkáætlunum og daglegum rekstri á EEA.

EEA skipuleggur starfsemi sína á grundvelli árlegra verkáætlana, sem lýtur fimm ára fjölára verkáætlun (MAWP). Núgildandi fjölára verkáætlun nær yfir tímabilið 2014–2018 og er unnin út frá eftirfarandi fjórum meginsviðum:

- veita upplýsingar um framkvæmd stefnu, sem felur í sér umsögn og tillögur varðandi stefnuramma ESB, markmið og takmörk með stöðugri upplýsingagjöf um framvindu varðandi lykilsvið í umhverfismálum;
- leggja mat á kerfislægar áskoranir, leggja fram matsgerðir þar sem kemur fram skoðun sem er þjóðhagslega heildstæð, þvert á atvinnugreinar og til langs tíma, og styður þannig langtímaframtíðarsjónarmið sem koma fram 7. verkáætlun á sviði umhverfismála hjá ESB;
- sameiginleg söfnun þekkingar, miðlun og notkun, uppbygging inntaks og viðhald á tengslanetum manna og upplýsingakerfa sem mynda uppistöðu skýrslugjafar okkar og sem ekki gæti farið fram án þeirra;
- stjórnun EEA, þar sem markmiðið er að hlíta öllum reglum og reglugerðum sem gilda um stofnunina samtímis því að bæta stöðugt afköst og virkni stofnunarinnar



Eins og endurspeglast í fjölmörgum verkáætlunum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þá er það metnaðarmál EEA að halda stöðu sinni sem leiðandi þátttakandi í öflun þeirra kjarnaupplýsinga sem nauðsynlegar eru til að bæta árangur í umhverfisstefnumálum. EEA óskar einnig eftir því að taka þátt í að móta nýja innsýn og þekkingu sem er nauðsynleg til að skilja og efla þær grundvallar umbreytingar sem eiga sér stað á leiðinni að langtíma sjálfbærni þjóðfélaga okkar.

Elisabeth Freytag-Rigler
Stjórnarformaður

Eionet og aðrir EEA samstarfsaðilar


Upplýsingarnar sem EEA lætur í té koma frá margþættum heimildum. Tengslanet stofnana í einstökum löndum var komið á fót í því skyni að starfa með EEA – Eionet – sem nær til yfir 300 stofnana um alla Evrópu. EEA ber ábyrgð á því að byggja upp tengslanetið og stýra starfsemi þess. Til að gera þetta, vinnum við náið með landstengiliðum (National Focal Points – eins og á myndinni fyrir neðan), sem eru gjarnan innlendar umhverfisstofnanir eða umhverfisráðuneyti í aðildarríkjum. Þessir aðilar bera ábyrgð á því að samstillast starfsemi Eionet á landsvísu.

Meðal verkefna landstengiliða – NFP – er að sjá um uppbyggingu og viðhald á innlendu tengslaneti, auðkenna innlendar upplýsingaveitur, safna saman og setja í farveg gögn og upplýsingar sem fengnar eru úr vöktun og frá annarri starfsemi, aðstoða EEA við að greina upplýsingar og aðstoða við að koma upplýsingum frá EEA áfram til lokanotenda í aðildarríkjum.

Aðrir mikilvægir samstarfsaðilar og upplýsingaveitur eru evrópskar og alþjóðlegar stofnanir, eins og Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) og Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar (JRC), Efnahags- og framfarastofnunin

(OECD), Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO). EEA á nána samvinnu við þessar stofnanir við að búa til upplýsingar og mót handa viðskipavinum sínum og markhópum. EEA tekur einnig þátt í starfsemi og kemur fram sem skrifstofa fyrir óformlegt tengslanet umhverfisverndarstofnana í Evrópu.

Evrópskt upplýsinga- og eftirlitsnet í umhverfismálum (Eionet)



ETC = European Topic Centre
NRC = National Reference Centre

EEA starfar í margslungnu umhverfi sem byggist upp á mörgum stigum og þar sem stjórnarhættir byggjast á mörgum þátttakendum innan ESB, á vettvangi stjórna einstakra landa, og á hnattrænum vettvangi. Þetta umhverfi nær einnig til rannsóknastofnana, fyrirtækja, og frjálsra félagasamtaka. Hið sérstaka hlutverk EEA er að efla stefnumörkun á stigi ESB og að byggja upp getu innan aðildarlanda, með því að nota Eionet sem einstæðan samstarfsaðila sinn til að skapa tvíhliða flæði gæðatryggðra gagna og upplýsinga um umhverfið.

Fjölára verkáætlun EEA fyrir 2014–2018



Frekari upplýsingar:

Umhverfisstofnun Evrópu
Kongens Nytorv 6
1050 Kaupmannahöfn K
Danmörk
Sími: +45 33 36 71 00

Myndir: © Joseph Galea, Susanne Kuijpers, Ana Skobe, Simeon Lazarov, Victor Troyanov, Stephen Mynhardt, Mariusz Warsinski, EEA

Skoðaðu vefsvæðið hjá okkur: eea.europa.eu

Fáðu vörurnar okkar: eea-subscriptions.eu/subscribe

Fáðu svör við fyrirspurnum: community.eea.europa.eu

Fylgist með okkur á Facebook: facebook.com/European.Environment.Agency

Fylgist með okkur á Twitter: twitter.com/EUEnvironment



Publications Office

ISBN: 978-92-9213-611-6

